

43. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð fyrir Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu um fjallskil o. fl. frá 17. júlí 1956.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961.

Landbúnaðarráðuneytið, 20. september 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsuppdrætti af hverfinu,
„Norðurbær“ í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 12. september 1968 staðfest skipulagsuppdrátt af hverfinu „Norðurbær“ í Hafnarfirði.

Félagsmálaráðuneytið, 12. september 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Engihlíðarhreppi,
Austur-Húnavatnssýslu.

Fasteignaskatt í Engihlíðarhreppi, Austur-Húnavatnssýslu skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5 gr. sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 19. september 1968.

Magnús Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.